

Megingallinn á skipulagstillögunum felst í því að tekin hefur verið upp röng stefna í umferðarmálum... Við Alþýðubandalagsmenn leggjumst gegn þessu perlubandi umferðarmannvirkja frá Kvosinni upp á Reykjanesbraut..., segir Guðrún Ágústsdóttir borgarfulltrúi



Vonarstræti: Til þess að taka við umferðarpungunum af Lækjargöttunni er fyrirhugað að gera þrjár akreinar í gegnum Vonarstrætið... Hvar eiga gangstéttarnar að vera? Ljós. Sig.



Aðalskipulag Reykjavíkur 1984-2004

Aðalskipulag Reykjavíkur fyrir næstu 20 árinn var afgreitt frá Skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar fyrir skómmu. Aðalskipulag felur í sér stefnumörkun borgaryfirvalda varðandi mótun byggðar og umhverfis og skal samkvæmt lögum vera staðfest af félagsmálaráðherra. Það á samkvæmt lögum að gilda til 20 ára og á endurskoðun að fara fram á 5 ára fresti, en tillögu skulu kynntar almenningi fyrir staðfestingu.

Sú skipulagstillaga sem nú er komin til afgreiðslu hefur verið í vinnslu hjá aðalskipulagsdeild Borgarskipulags frá því um mitt ár 1984. Hún mun innan skamms koma til fyrir umræðu í borgarstjórn, en síðan mun hún verða kynnt almenningi áður en borgarstjórn afgreiðir hana endanlega og leggur fyrir félagsmálaráðherra til staðfestingar. Stjórn skipulagsmála í Reykjavík er í höndum borgarstjórnar. Skipulagsnefnd og Borgarskipulag eru henni til ráðuneytis. Skipulagsnefnd er pólitískt kjörin og skipuð 5 fulltrúum. Er nefndin bæði stefnumarkandi og ráðgefandi fyrir borgarráð og borgarstjórn varðandi skipulagsmál.

Afstaða Alþýðubandalagsins

Fulltrúi Alþýðubandalagsins í skipulagsnefnd borgarinnar er Guðrún Ágústsdóttir borgarfulltrúi. Hún sat hjá við afgreiðslu fyrirliðgjandi skipulagstillögu og skilaði sérbókun, þar sem hún segir m.a. að skipulagstillagan lýsi mjög vel þróun undanfarna ára, en mikil skörun á að hún feli í sér markvissa stefnumörkun eða þá fjárhags- og framkvæmdaáætlun sem lofað hafi verið í upphafi, auk þess sem uppbygging um-

ferðarmannvirkja njóti óeðlilegs forgangs í tillögunni miðað við ýmsa aðra framkvæmdaliði. Aðalskipulagið er því ekki eins gott stjórnæki og við hefðum kosið, segir í bókun Guðrúnar, sem jafnframt lagði fram sérstaka tillögu um gerð áætlunar um á hvern hátt mætti minnka umferð einkabíla. Jafnframt lagði hún til að fallið yrði frá áformum um lagningu Fossvogsbrautar og Hlíðarfötur, breikkun Sóleyjargötu og Fríkirkjuvegur og að undirbúinn yrði brottflutningur Reykjavíkurflugvallar, þannig að flugvallarsvæðið gæti nýst fyrir íbúðarbyggð.

Áætlanagerð vantar

Við náðum tali af Guðrúnu Ágústsdóttur og spurðum hana hver væru mikilvægustu atriðin í þessari skipulagstillögu að hennar mati, og þá jafnframt helstu ágallarnir. „Aðalskipulagið á að draga upp mynd af þeirri framtíð sem hér verður lífað árið 2004. Þessi skipulagstillaga, sem hér liggur fyrir gerir það ekki nægilega vel að okkar mati. Skipulagstillagan er góð úttekt og lýsing á fortíðinni og núverandi ástandi, en inn í hana vantar marga mikilvæga þætti um stefnumörkun borgarinnar í framtíðinni. Þetta tengist því, að ekki hafa verið gerðar framkvæmdaáætlunir til lengri tíma á mörgum mikilvægum sviðum, eins og nauðsynlegt væri. Eins og til dæmis sú 10 ára framkvæmdaáætlun um uppbyggingu dagvistarheimila, sem vinstri-meirihlutinn í borgarstjórn gerði á sínum tíma, en hefur ekki verið framfylgt. Borgin ætti að gera framkvæmdaáætlun um mikilvægustu þætti í uppbyggingu borgarinnar og félagslegrar þjónustu til 5-10 ára í senn, slíkar áætlunir eru nauðsynlegar samhlíða aðalskipulagi ef það á að verða að því stjórnæki sem stefnt er að. Auðvitað er margt gott við þessa

skipulagstillögu og þá vinnu sem í hana hefur verið lögð, en sem pólitískur fulltrúi hlýt ég að draga fram þá hluti sem mér finnst orka tvímælis. Og ég dreg engu dul á það að megingalli þessara tillagna felst að minnu mati í því að það hefur verið tekin upp alröng stefna í umferðarmálum í borginni.

Röng stefna í umferðarmálum

Það vantar ekki að markmið skipulagshöfundanna í umferðarmálum eru skýr: leiðir einkabílsins eiga að vera greiðar um alla borgina, þar með talda Kvosina, og hvarvetna á að vera til nægilega mikið af bílastæðum. Með þessu er verið að leiða aukna umferð inn á viðkvæma staði og taka góð og gild útivistarsvæði undir pungar umferðaræðar. Þess vegna er nú áformað að breikka Lækjargötuna, breikka Fríkirkjuveginn út í Tjörn og upp í Hallargarð og breikka Sól-eypjargötuna út í Hljómskálagarðinn. Við þessari umferðaræð tekur svo Hlíðarfötur meðfram Öskjuhlíðinni Nauthólsvíkumegin, sem mun skera útivistarsvæðið í Öskjuhlíð frá Nauthólsvíkinni og strandlengjunni. Svo tekur Fossvogsbraut við af Hlíðarfæti, en Fossvogsdalurinn er eitthvert ákjósanlegasta útivistarsvæðið í borginni.“

Er lagning Fossvogsbrautar ekki háð samþykki Kópavogsskaupstaðar? „Já, aðalskipulagi Kópavogsskaupstaðar hefur verið frestað um skeið vegna þess að þeir vilja ekki Fossvogsbraut, og því er enn óljóst um framtíð þessarar áætlunar, sem óhjákvæmilega er háð vilja Kópavogsbúa. En í stuttu máli þá leggjumst við Alþýðubandalagsmenn í borgarstjórn gegn þessu perlubandi umferðarmannvirkja frá Kvosinni upp á Reykjanesbraut.“

Er hægt að hafa hemil á bíla-fjöldanum í borginni?

„Já, það viljum við meina – með öðruvísi skipulagi og bættum almenningssamgöngum. Við erum gjarnan ásökluð fyrir að vilja stýra hegðunarmynstri borgarbúa. En öll skipulagsvinna er stýring, og pólitískar ákvarðanir fela líka í sér ákveðna stýringu. Þannig hefur sú þróun orðið frá því að stjórnvöld lækkuðu tolla á einkabílum eftir tilmælum verkajóðshreyfingarinnar og bensín lækkaði í verði, að bílaeignin hefur vaxið úr 430 bílum á 1000 íbúa í 470-80 bíla. Þetta finnst mér neikvæð þróun, því hún kallar á gífurleg útgjöld fyrir borgina í byggingu nýrra umferðarmannvirkja auk þess sem hún felur í sér aukna slysatíðni, umhverfisspjöll vegna hraðbrauta og aukna mengun í borginni. En rannsókn sem Hollustuvernd ríkisins hefur staðið að undanfarið bendir til þess að hér í borginni sé meiri umferðarmengun en okkur óraði fyrir.“

Spá um bílaeign

Hefur verið gerð spá um þróun bílaeignar á næstu 20 árum? „Já, samkvæmt spá þeirri um bílaeign, sem skipulagshöfundar byggja á er gert ráð fyrir því að metnun verði á einkabílaþörfinni, þegar hún hefur náð um 550 bílum á 1000 íbúa, og þeirri metnun á að vera náð við lok skipulagstímans. En með þeirri stýringu sem skipulag og stjórnvaldságerðir beita nú sýnist mér að allt stefni í að þessu marki verði náð mun fyrr. En ef samgöngur með einkabílnum eru látnar hafa slíkan forgang sem hér er gert, þá verður þau spurning hvornig borgin ætla að mæta þeirri skyldu að bjóða börnum, unglingum og vaxandi hópi aldrafara auk þeirra sem ekki kjósa að fjárfesta í einkabíl upp á viðunandi samgöngubjónustu.“



Lækjargata, Fríkirkjuvegur, Sóleyjargata: Samkvæmt nýju skipulagstillögunum á að breikka þessar götur til þess að auka á umferðarpungann í gegnum Kvosina. Í því skyni verður tekin skák af Hallargarðinum og Hljómskálagarðinum og út í Tjörna. Ljós. Sig.

Í stuttu máli þá teljum við að áherslan á gatnakerfið sé orðin aðalatriði í skipulagsstarfinu á kostnað annarra þátta í umhverfinu, sem eru ekki síður mikilvægir.“

Hafa menn haft hlöðsjón af þróun umferðarmála í öðrum löndum við gerð þessa skipulags? „Af því hefur allt of lítið verið gert. Því það er nánast sama hvert lítið er í þróun borgarskipulags, alls staðar er verið að bæja einkabílnum frá viðkvæmstu svæðum borgarkjarnanna. Bandaríkjamenn hafa víðurkennt að þeir hafi þyrjað 20 árum of seint að byggja upp almenningssvagnakerfi sitt og beina vörðinni þangað. Nú eru þeir í stökustu vandræðum og búa við við hreinasta umferðaröngþveiti. Menn tala gjarnan um það hér að við búum við allt of harða vetrarveðráttu til þess að geta verið án einkabílsins, en menn gleyma því þá gjarnan, að vetrarveðráttan hér er mun mildari en t.d. í höfuðborgum hinna Norðurlandanna, eða í Kanada og víðar, þar sem þessi stefna hefur verið tekin upp.“

Flugvöllur og framtíðarbyggð

Hvað með aðra þætti skipulagstillögunnar, til dæmis varðandi framtíðarsvæði fyrir byggð? Er ágreiningur um þau atriði? „Já, okkur finnst það sorglegt, að menn skuli ekki kanna betur þann möguleika að nýta flugvallarsvæðið, eða að minnsta kosti hluta þess, undir framtíðarbyggð, sem myndi augljóslega gjörbreyta borginni. Þess í stað flengiast menn út umholt og móa með framtíðarbyggðarsvæði, og nú er stefnt að því að íbúðarbyggðin nái alla leið upp undir Hamrahlíð. Samhlíða því hafa menn fest Reykjavíkurflugvöll í

sessi næstu 20 árin. Reyndar er sú stefna sem vinstri-meirihlutinn tók upp á sínum tíma, að þetta byggðina í borginni, nú viðurkennd, og því verður haldið áfram samfara landnámi á nýjum byggingarsvæðum utan núverandi byggðar, en það verður borginni ákaflega dýrt að hún skuli byggjast svona dreifð, til dæmis hvað varðar almenningssamgöngur. Par er Grafarvogurinn gott dæmi. Par er nú komin 800 manna byggð, og þeir hafa eina strætisvagnafærð á 30 mínútna fresti virka daga, sem þýðir ferð á klukkustundarfresti á kvöldin og ein helgar. Það liggur í augum uppi að þessi þjónusta er ekki nægileg, og nú þarf að fjölga ferðum. En það kostar mikla peninga. Sama gildir um önnur svæði í útjaðri borgarinnar. Þá teljum við að með þessu skipulagi sé gert ráð fyrir byggð í of mikilli nálægð við Ábúðarverksmiðjuna í Gufunesi, en það er ágreiningur um það hversu stór auður radius skuli vera í kringum verksmiðjuna vegna sprengihættu. Svo verður þessi dreifða byggð líka til þess að auka enn á umferðarvandann.

Er einhver sú nýbreytni í þessari nýju skipulagstillögu, sem þér þykir til bóta?

„Já, mikil ösköp. Ég get nefnt sem dæmi áform um nýtt hverfaskipulag í borginni. Hverfaskipulag er nýjung, sem er ætlað að verða eins konar millistigi á milli deiliskipulags og aðalskipulags. Þarna er hugmyndin að taka hvert hverfi í borginni fyrir sig og gera tillögur um breytingar, sem síðan verði sendar inn til íbúanna og fengin frá þeim viðbrögð.

Þannig verður komið til móts við þá grundvallarhugmynd, að íbúar borgarinnar fái gleggri yfirsýn yfir mótun umhverfisins og þar með betri möguleika til að hafa mótandi áhrif á það sjálfir.“

ól.

Músíkframtíð

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Æskunnar sem Paul Zukofsky stjórnaði um síðustu helgi

Sinfóníuhljómsveit Æskunnar er það fyrirtæki í landinu sem gefur menningarlífinu einna glæstir-astar vonir. Þar má heyrja fullt af talentum spreyta sig á erfiðum meistaraverkum ár eftir ár og ná undravendum árangri. Þetta eru nemendur úr tónlistarskólum landsins, flestir reyndar úr Reykjavík, og þeir æfa saman í tvær vikur eða svo undir leiðsögn færustu atvinnumanna í faginu og halda svo opinbera tónleika. Stjórnandi hefur oftast verið Paul Zukofsky, einn besti hljómsveitarstjóri sem okkur hefur sótt heim, en hann hefur tekið tryggð við Ísland og Íslendinga og komið hér árvist að miðla af reynslu sinni við flutning tónverka frá öllum tímum.

Um síðustu helgi voru tónleikar með þessari hljómsveit í Háskólabíói og þar var Zukofsky við stjórnvöllinn. Fluttu voru tvö stór og vandmeðfarin verk, Tabuh-Tabuhan eftir Colin McPhee og ævintýrasvitan Sheherazade eftir Rimsky-Korsakoff. Já, stór og vissulega vandmeðfarin verk, en í eðli sínu saklaus og ljómandi vel til þess fallin að sýna tjáningargetu þessa yndislega æskufólks. McPhee sækir efnivið sinnar tónlistar í gamelanmúsík Balibúa og þó ekkert svoléiðis fái hreyft verulega við manni eftir að hafa kynnst Brúðkaupi Stravinskys þá var að þessu mikið gagn og gaman. Hljómsveitin lék af miklu öryggi hvað snerti blábrigðið og

rythmiska samstillingu og einnig mátti heyrja ótrúlega margar vel-formaðar einleiksradir. Og ekki var þetta lakara í meistarastykki Rimskys, þar var arabísk næturstemming í loftinu eins og vera ber, og dramatískur frásagnartónn í hávegum. Hljómsveitin öll lék við hvurn sinn fingur og konsertmeisterinn, Margrét Kristjánsdóttir, tók margbreytileg fíðulólóin oft með miklum og innilegum glæsibrag.

Ég er ekki að segja að þetta



hafi verið víðlika stórtónleikar og þegar Paul Zukofsky stjórnaði frumflutningi Le sacre hér um árið eða Mahlersinfóníunni í fyrra en þetta voru bjartir og fallegir tónleikar sem láta mann dreyma um raunverulega og sterka músíkframtíð. Þeir draumar fá þó aldrei ræst án aukins stuðnings frá opinberum aðilum, hvort sem þeir sigla undir merkjum ríkis eða einkaaðals. Þarna er viljinn og getan fyrir hendi. En aðstöðuleysið er ógnvekjandi og það er reyndar ekki ný bóla í íslensku menningarlífi.

LD

Pakkir til Ásgerðar Búadóttur

Af gefnu tilefni má ég til með að þakka stórkostlega sýningu Ásgerðar Búadóttur myndlistarmanns og ekki síður frábærar móttökur sem við fengum þegar við nokkrir félagar af trúnaðarmannanámsskeiði hjá Félagi starfsfólks í húsgagnaðnaði skoðuðum sýningu Ásgerðar í Listasafni ASÍ á dögunum, en við enduðum námskeiðið þar.

Ekki kann ég að lýsa þessum 10 listaverkum á sýningunni á neinn faglegan eða staðlaðan hátt. Ég get aðeins lýst þeim tilfinningum og þeim hughrifum sem ég og félagar mínir urðum fyrir þegar við lentum þarna í einkar fríðsamlugu varí frá erli brauðstritsins.

Það sem orkaði strax sterkast á mig, voru þessir litir. Hvernig þeim var blandað saman í stóru myndunum og síðan hversu vel myndirnar nutu sín í þessari birtu sem var í þessum rúmögða sal. Ekki minnkaði hrifning okkar þegar Ásgerður leiddi okkur um salinn og útskýrði fyrir okkur í smáatriðum hvernig myndirnar voru unnar, hvernig hún notar íslensku saudalitinu og aðra náttúrulega liti, íslensku ullina en allar myndirnar voru unnar, hvernig hún notar íslensku saudalitinu og aðra náttúrulega liti, íslensku ullina en allar myndirnar eru unnar úr ullareingirmi. Hvernig



hún notaði láréttan vefstól og ýmsar takmarkanir hans. Hvernig hún leysti ýmis teknileg vandamál við stóru myndirnar og hvernig hún óf hinar mjúku og sveigjanlegu línur sem gerði margar myndirnar svo frjálssar og lifilegar. Þá sýndi Ásgerður okkur hvernig hún notar hrosshár í myndflötinn og skapar þannig miklu meiri dýpt í myndirnar. Stundum myndar hún stóra sterka fleti eða fléttar finlegar línur eða lauffléttar áherslur. Þessi skemmtilega tilgöng vefarans sýndi okkur svo margar nýjar hlíðar á listavrekunum og jók áhrifamatinn gífurlega. Mér fannst ég skynja greinilega íslenska náttúru jafnvel þjóðerniskennd í gegnum myndirnar sem hafði sterk áhrif á mig.

Þarna var sýnd 2 ára vinna, mikið þolinmæðisverk. Handverkið var einstakt og það var sál í því. Það er nokkuð sem við húsgagnamiðir og bólstrarar kunnum um að meta og þurfum enga tilgöng um. Það sem kom okkur skemmtilegast á óvart var hversu mikil mykt og hlýja var í myndunum og býst ég við að efniviðurinn og litirnir hafi ráðið þar mestu um þrátt fyrir formfasta myndbyggingu.

Við starfsmenn í húsgagnaðnaði sendum þér okkar bestu kveðjur. Þessi stund verður ógleymanleg.

Kristbjörn Arnason